

lög nr. 81/1952 um breyting á lögum nr. 44/1948, sbr. ennfremur lög nr. 4 frá 1924 um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og því að gullgildi íslenzkrar krónu er í dag það, að 738.95 pappírskrónur jafngilda 100 gullkrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 7 400.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1948 ber að gera veiðarfæri og allan afla „Galatea“ upptækan til ríkissjóðs.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Johan Siska Danielsen, greiði kr. 7 400.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Veiðarfæri öll og afli „Galatea“ skal upptækur gerður til ríkissjóðs. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl., að upphæð kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. október 1953.

Nr. 71/1953. **Ákærvaldið** (Jón Ólafsson)

gegn

Geir Guttormi Pálssyni Þormar

(Einar B. Guðmundsson)

og

Geir Borgþór Halldórssyni

(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáram Hæstaréttar.

Brot gegn lögum nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi. Varðar brot ákærða Geirs Guttorms Pálssonar Þormars við 2. mgr. 36. gr. laga

nr. 63/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1941. Þykir refsing hans samkvæmt þeirri grein, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1948, hæfilega ákveðin í héraðsdómi kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Brot ákærða Geirs Borgþórs Halldórssonar varðar við 2. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1941 og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans samkvæmt nefndum lagagreinum, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1948, hæfilega ákveðin kr. 800.00 sekt í ríkissjóð og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku þeirra 72 lengja af vindlingum, sem um ræðir í málinu, og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Hvor ákærðu greiði málflytningu skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 900.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Geir Borgþór Halldórsson greiði kr. 800.00 sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00. Ákærði Geir Borgþór Halldórsson greiði málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. febrúar 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 24. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 539—540/1953: Ákærvaldið gegn Geir Guttormi Pálssyni Þormar og Geir Borgþóri Halldórssyni, sem dómtekið var 20. febr. s. l.

Málið er höfðað gegn þeim Geir Guttormi Pálssyni Þormar ökukennara, til heimilis Miklubraut 52, hér í bæ, og Geir Borgþóri Halldórssyni aðstoðarflugumferðarstjóra, til heimilis í Barmahlíð 11 hér í bæ. Eru þeir samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 10. desember s. l., ákærðir fyrir að hafa gerzt sekir um brot á lögum um tollheimtu og tollaftirlit nr. 63 frá 1937, 36. gr. 1. mgr. og lögum nr. 13 5. maí 1941, 1. gr. (lög 63/1937, 36. gr. 2. mgr.), sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 63 frá 1937, sbr. lög nr. 110/1951, viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, 8. gr., 3. tölul. og 7. tölul. b, með því 1) að því er Geir Þormar varðar, að semja hinn 11. sept 1952 um kaup á ca. 14 þús. sigarettum við 2 hermenn á Keflavíkurflugvelli og reyna með þeim og meðákærða Geir Halldórssyni að flytja sigarettur þessar inn á íslenskt tollfyrirráðsvið, án þess að gefa tollgæzlumönnum skýrslu um það og,

2) að því er Geir Halldórsson varðar, að flytja framangreindar ca. 14 þúsund sigarettur 11. september 1952 ásamt 2 amerískum hermönnum áleiðis út af Keflavíkurflugvelli, án þess að gefa tollgæzlumönnum skýrslu.

Ákærast því nefndir Geir Guttormur Pálsson Þormar og Geir Borgþór Halldórsson til að sæta refsingu samkvæmt framantöldum ákvæðum laga nr. 63 frá 1937 og nr. 13 frá 1941 til upptöku greindra vara samkvæmt næst síðustu málsgr. 36. gr. laga nr. 63 frá 1937 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar er fæddur 24. nóvember 1917 á Norðfirði. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík.

1938, 13/1. Kærður fyrir spell og þjófnað. Felld niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 25/4 1938.

" 31/5. Undir rannsókn út af umferðarslysi. Skýrsla send hlutað-eigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar. 1939, 28/9. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 6/9 1939. 1940, 11/6. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1952, 2/12. Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

Ákærði Geir Borgþór Halldórsson er fæddur 30. september 1927 á Bergsstöðum í Glerárþorpi, Eyjafjarðarsýslu. Hefur hann, svo kunnugt sé, ekki fyrr sætt kærnum eða refsingum.

Samkvæmt eigin framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins er sakarefninu þannig farið:

Að kvöldi fimmtudagsins 11. september 1952 fór ákærði Geir Guttormur Þormar í bíl sínum suður í Keflavík. Með honum í bílnum var kona hans og önnur stúlka svo og ákærði Geir Borgþór. Ákærði Geir Þormar skildi konu sína og stúlkuna eftir í Keflavík. Hélt hann og ákærði Geir Borgþór upp á Keflavíkurflugvöll. Ákærði Geir Þormar ætlaði að kaupa sigarettur, en ákærði Geir Borgþór ætlaði að hitta kunningja sína. Ákærði Geir Þormar ók að einum hermanskálanum. Þar samdi ákærði Geir Þormar við 2 hermenn um kaup á 72 cartonum af sigarettum fyrir 50 kr. cartoníð. Ekki átti ákærði Geir Borgþór nokkurn þátt í þessum kaupum. Ákærði Geir Þormar fór nú að hótelinu á vellinum og tók ákærða Geir Borgþór með sér. Í skrifstofu flugumsjónarinnar íslensku fékk hann lánaðan jeppabílinn R 1092 undir því yfirskini, að hann þyrfti að draga sinn eigin bíl í gang. Ákærði Geir Þormar fékk nú nafna sinn, ákærða Geir Borgþór, til að aka hermönnum tveimur og öllum sigarettunum í R 1092 að svonefndu Meeks-hliði, en þar ætluðu hermennirnir að smygla sigarettunum út af flugvellinum, en sjálfur fór ákærði Geir Þormar á sínum bíl út um aðalhliðið og að Meeks-hliði og beið þar eftir þeim á jeppanum. Hermennirnir höfðu látið cartonin í tösku og poka. Hermennirnir sögðu nú ákærða Geir Borgþóri, hvert hann ætti að aka.

Er að flugvallargirðingunni kom, sögðu hermennirnir ákærða Geir Borgþóri að stöðva bílinn. Þeir fóru nú út úr bílnum og tóku allar sigarettarnar og fóru með þær út í urð, sem var þarna. Þeir báðu nú ákærða Geir Borgþór um að biða um stund. Er þeir höfðu beið þarna um sinn, komu að þeim herlögrelupjónar. Fundu þeir sigarettarnar og handtóku hermennina og ákærða, sem þeir afhentu íslensku lögreglunni, ásamt sigarettunum.

Af ákærða Geir Þormar er það að segja, að hann ók sem fyrr greinir að Meeks-hliði að utanverðu og beið þar eftir hermönnum með sigarettarnar. Hann hafði ekki beið lengi, er ljós frá bíl innan girðingarinnar féllu á bíl hans. Hann grunaði þá, að ekki væri allt með felldu, svo að hann hraðaði sér á brott og inn á flugvöllinn aftur, þar sem hann var síðar handtekinn, eftir að ákærði Geir Borgþór hafði sagt lögreglunni, að hann væri viðriðinn málið.

Ákærði Geir Borgþór sagði strax allt af létta í máli þessu, en ákærði

Geir Þormar þrætti lengi vel fyrir, að hann hefði samið um kaup á fleiri cartonum en 5, en það rak að því, að hann viðurkenndi, að hann hefði samið um kaup á 72 cartonum. Hann sagðist og einn hafa samið um kaupin á sigarettunum. Ákærði Geir Borgþór ætti engan þátt í því og þáttur hans í máli þessu væri ekki annar en að flytja sigaretturnar í bílnum.

Með eigin játningu Geirs Guttorms Pálssonar Þormar, sem er studd öðrum gögnum málsins, er fengin sönnun fyrir kaupum ákærða á 72 cartonum af sigarettum hjá hermónnunum tveimur og að hann hafi fengið þá og ákærða Geir Borgþór til að flytja þær inn á íslenskt toll-yfirráðasvæði. Með þessu hefur ákærði Geir Þormar brotið gegn 1. gr. laga nr. 13 frá 1941 (2. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937) og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit.

Ekki verður séð, að ákærði Geir Þormar hafi brotið gegn öðrum þeim lagagreinum, sem í ákæruskjali getur, og ber því að sýkna hann af ákærinni um brot á þeim.

Með eigin játningu ákærða Geirs Borgþórs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi átt sinn þátt í því að flytja sigaretturnar áleiðis inn á íslenskt toll-yfirráðasvæði. Með þessu hefur ákærði Geir Borgþór brotið gegn 1. mgr. 37. gr. laga nr. 63/1937 per analogiam. Eigi verður séð, að ákærði Geir Borgþór hafi brotið gegn þeim öðrum lagagreinum, sem hann er ákærður fyrir brot á í ákæruskjali, og ber því að sýkna hann af ákærinni um brot á þeim.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 63/1937 og 1. gr. laga nr. 13/1941 þykir refsing ákærða Geirs Guttorms Pálssonar Þormar hæfilega ákveðin kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 63/1937 þykir refsing ákærða Geirs Borgþórs hæfilega ákveðin kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937 eru 72 carton af sigarettum upptækar gerðar til ríkissjóðs.

Ákærði Geir Þormar greiði skipuðum verjanda sínum, dr. juris Gunnlaugi Þórðarsyni hdl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 500.00.

Ákærði Geir Borgþór greiði skipuðum verjanda sínum, Gunnari Þorsteinssyni hrl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 500.00.

Allan annan sakarkostnað greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Geir Borgþór Halldórsson greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði

hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 72 carton af sigarettum. Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði skipuðum verjanda sínum, dr. juris Gunnlaugi Þórðarsyni hdl., kr. 500.00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Geir Borgþór greiði skipuðum verjanda sínum, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 500.00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. október 1953.

Nr. 180/1952. **Ákærvaldið** (Baldvin Jónsson hdl.)

gegn

Jóni Hauki Árnasyni Hafstað, Ingvari Gýgjari Jónssyni, Svavari Hjörleifssyni, Sveini Jónssyni, Jóni Hjörleifssyni, Hróðmari Hjörleifssyni og Óskari Jónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Einar B. Guðmundsson.

Manndráp af gáleysi. Bifreiða- og umferðarlagabrot. Rangur framburður fyrir dómi og hvatning til þess brots.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Sigurðsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Það athugast, að þegar bifreiðin K 213 hélt af stað frá Varmahlíð nótt þá, er slysið bar að höndum, hafði hún að flytja 20 manns, þ. e. bifreiðarstjórann og 19 farþega. Áður en slysið varð, höfðu 7 farþegar farið af bifreiðinni, en eftir voru auk bifreiðarstjórans 3 farþegar í stýrishúsi bifreiðarinnar og 9 farþegar á vörupalli hennar.

I. Ákærði Jón Haukur Árnason Hafstað.